

Einfaldir vettlingar með þumaltungu

Á haustin reyni ég oftast að fjöldaframleiða vettlinga fyrir börnin mín. Flestir sem eiga börn á leikskólaaldri þekkja að vettlingar eru ansi gjarnir á að týnast og situr maður oft uppi með einn og einn stakann. Kosturinn við þessa vettlinga er að þeir passa báðir á vinstri og hægri hönd þannig að maður getur gert eins marga og maður nennir í sama lit. Svo ef einn týnist þá er alltaf til annar á móti.

Það er ekkert flóknara eða seinlegra að gera þumaltungu heldur en hefbundinn þumal. Í raun finnst mér það auðveldara og fallegra, a.m.k. ef maður er ekki með munstur.

Í þessa vettlinga nota ég léttlopa og það er mjög auðvelt að stækka eða minnka uppskriftina með því að bæta við eða fækka lykkjum sem fitjað er upp. Svo er hægt að láta barnið máta reglulega til að fá rétta lengd. Umferðafjöldinn sem ég gef upp er aðeins til viðmiðunar og smellpassar á mín börn.

Stærðir:

2-3/4-5 ára

Efni:

Léttlopi

Sokkaprjónar nr 3,5 og 4 (4,5 fyrir þá sem prjóna fast)

Nál til að ganga frá endum

Útskýringar:

Útaukning til vinstri: Notið vinstri prjón til að taka upp bandið á milli lykkjanna framan frá. Prjónið síðan aftan í lykkjuna sem myndast.

Útaukning til hægri: Notið vinstri prjón til að taka upp bandið á milli lykkjanna aftan frá. Prjónið síðan framan í lykkjuna sem myndast.

Aðferð:

Fitjið upp 26/30 lykkjur á prjóna nr. 3,5. Tengid í hring og prjónið stroff, 10 umferðir.

Skiptið yfir á prjóna nr. 4 og prjónið 6 umferðir slétt.

Þumaltunga: Prjónið 1 lykkju slétt, aukið út um 1 til vinstri, prjónið slétt þar til 1 lykkja er eftir á síðasta prjóninum, aukið út um 1 til hægri, prjónið 1 slétt.

Prjónið eina umferð slétt.

Prjónið 2 slétt, aukið út um 1 til vinstri, prjónið slétt þar til 2 lykkjur eru eftir á síðasta prjóninum, aukið út um 1 til hægri, prjónið 2 slétt.

Prjónið eina umferð slétt.

Prjónið 3 slétt, aukið út um 1 til vinstri, prjónið slétt þar til 3 lykkjur eru eftir á síðasta prjóninum, aukið út um 1 til hægri, prjónið 3 slétt.

Prjónið eina umferð slétt.

Prjónið 4 slétt, aukið út um 1 til vinstri, prjónið slétt þar til 4 lykkjur eru eftir á síðasta prjóninum, aukið út um 1 til hægri, prjónið 4 slétt.

Prjónið eina umferð slétt.

(aðeins í stærð 4-5 ára) Prjónið 5 slétt, aukið út um 1 til vinstri, prjónið slétt þar til 5 lykkjur eru eftir á síðasta prjóninum, aukið út um 1 til hægri, prjónið 5 slétt.

Prjónið eina umferð slétt.

Setjið 8/10 lykkjur sem tilheyra þumaltungu á aukaband/nælu/aukaprjón og fitjið upp tvær lykkjur á síðasta prjóni. Umferð byrjar og endar á milli þessara tveggja lykkja.

Prjónið síðan slétt 14/16 umferðir, skiptið lykkjunum jafnt á tvo prjóna og hefjið **úrtöku**:

Takið 1 lykkju óprjónaða, prjónið 1 slétt og steypið hinni yfir. Prjónið þar til 2 lykkjur eru eftir og prjónið þær saman.

Endurtakið *-* þar til 4 lykkjur eru eftir á hvorum prjóni fyrir sig.

Klippað bandið, þræðið í gegn um lykkjurnar og gangið frá.

Þumall:

Takið upp 2 lykkjur í gatinu þar sem 2 voru fitjaðar upp og 1 aukalega í samskeytunum sitt hvoru megin og prjónið eina umferð. Þá ættu að vera 12/14 lykkjur á prjónunum. Umferð byrjar á milli lykkjanna tveggja sem teknar voru upp þar sem fitjað var upp áður. Prjónið fyrstu tvær lykkjurnar saman, prjónið að síðustu tveim og prjónið þær saman. Þá ættu að vera 10/12 lykkjur á prjónunum. Prjónið 6/8 umferðir og hefjið síðan úrtöku.

Takið 1 lykkju óprjónaða, prjónið 1 slétt og steypið hinni yfir. Prjónið þar til 2 lykkjur eru eftir og prjónið þær saman.

Endurtakið *-* þar til 6/8 lykkjur eru eftir í heildina.

Klippað bandið, þræðið í gegn um lykkjurnar og gangið frá.

Gangið frá öllum lausum endum í lokin og njótið ☺



Uppskriftin er ókeypis og er öllum frjálst til einkanota. Ekki er leyfilegt að birta hana, selja eða nota í öðrum tilgangi en til einkanota án samþykkis höfundar.

Athugasemdir, leiðréttingar eða spurningar má senda á uea2@hi.is ☺